

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið skráa yfir tilboðsskrár fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/417 frá 28. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eiga að setja fram gögn í þágu gagnsæis ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31r (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31rn. **32025 R 0416**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið skráa yfir tilboðsskrár fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir (Stjtið. ESB L, 2025/416, 14.3.2025).

31ro. **32025 R 0417**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/417 frá 28. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/416, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/416/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/417, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/417/oj

eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eiga að setja fram gögn í þágu gagnsæis (Stjtið. ESB L, 2025/417, 14.3.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2025/416 og (ESB) 2025/417, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2025 frá 20. febrúar 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(³) Stjtið. ESB L, 2025/765, 8.5.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/765/oj>